

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2016

Efni: Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma (114. mál)

Viðskiptaráð þakkar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar. Í ályktuninni felst að Alþingi feli framkvæmdavaldinu að útfæra áætlun um gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma í samráði við fjölmarga aðila. Viðskiptaráð veitti nefndinni samhljóða umsögn um þingsályktunartillöguna þegar hún var lögð fram á 144. löggjafarþingi.¹

Viðskiptaráð fagnar þingsályktunartillögunni. Það er afstaða ráðsins að grundvöllur bættra lífskjara felist í langtímastefnu þar sem áhersla er lögð á bættu samkeppnishæfni og þar með aðstæður til verðmætasköpunar. Vinna við gerð þjóðhagsáætlana til langs tíma og umræða sem fer fram í tengslum við slíkar áætlunir er að mati ráðsins til þess fallin að styðja við slíka stefnumörkun.

Langtímahugsun líður fyrir dægurþras

Þegar kemur að umræðu og stefnumótun í íslensku samfélagi virðist raunin því miður vera sú að langtímastefnumörkun líði í of miklum mæli fyrir dægurþras. Rík tilhneiging er til að leita skyndilausna og nálgast stór verkefni eins og bútasam. Um þetta eru mörg dæmi í umræðu síðustu missera:

- Hvers vegna mótum við ekki almenna auðlindastefnu í stað þess að karpa á hverju ári um veiðileyfagjald?

¹ Umsögnina má nálgast á eftirfarandi slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/gerd-thjodhagsaaetlana-til-langs-tima/>

- Hvers vegna mörkum við ekki heildstæða stefnu í ferðaþjónustu í stað þess að rökræða einvörðungu um afmarkað form gjaldtöku?
- Hvers vegna körpum við um innflutning á buffalóostum og kjúklingabringum í stað þess að ræða framtíðarstefnu í landbúnaðarmálum?

Þessi dæmi renna stoðum undir það að Íslendingar hafi átt erfitt með að einblína á heildarmyndina, langtímamarkmið og þau tækifæri sem kerfisbreytingum fylgja. Skilgreining langtímastefnu þar sem áhersla er lögð á bættu samkeppnishæfni og þar með aðstæður til verðmætasköpunar er hins vegar grunnforsenda efnahagslegra og samfélagslegra framfara. Með þessi sjónarmið að leiðarljósi átti ráðið frumkvæði að kortlagningu íslenska hagkerfisins sem McKinsey & Company réðist í sumarið 2012.

Grunnur lagður að nýjum vinnubrögðum

Skýrsla McKinsey hefur gert fjölmörgum hagsmunaaðilum kleift að ræða framtíðaráskoranir og tækifæri íslenska hagkerfisins með markvissari hætti en áður og reynst ómetanlegt framlag í efnahagssumræðuna. Á Viðskiptaþingi árið 2013 voru skýrslunni gerð ítarleg skil undir yfirskriftinni *Stillum saman strengi* auk þess sem ráðið gaf út *Hugmyndahandbók* þar sem tillögur McKinsey voru útfærðar nánar. Sama vor tók *Samráðsvettvangur um aukna hagsæld á Íslandi* til starfa og verkefnisstjórn vettvangsins kynnti 37 tillögur til aukins hagvaxtar sem náðu til allra geira hagkerfisins. Margar af þessum tillögum eru nú þegar komnar í farveg innan stjórnáráðs.

Í ofangreindum verkefnum hefur sama meginsteifi verið fylgt:

- Áhersla færð á langtímastefnu í stað skammtímalausna
- Stefnumörkun út frá heildarhagsmunum fremur en sérhagsmunum
- Umræða byggð á upplýstum grundvelli og alþjóðlegum samanburði
- Samtal fer fram með málefnalegum hætti en ekki í skotgröfum

Viðskiptaráð hefur fylgt þessari góðu vinnu eftir með málefnnastarfi sínu undanfarin misseri og mótað áherslur sínar út frá þeim ramma sem þar var kynntur. Á Viðskiptaþingi árið 2014 var fjallað um uppbyggingu alþjóðageirans, árið 2015 var opinberi þjónustugeirinn til umfjöllunar og í ár var innlendi þjónustugeirinn tekinn fyrir. Það má því segja að McKinsey skýrslan hafi mótað stefnumörkun ráðsins til nokkurra ára.


Þjóðhagsáætlanir styðja við langtímastefnumörkun

Þjóðhagsáætlanir til lengri tíma geta verið grundvöllur áframhaldandi vinnu á sama grundvelli og stutt þannig við aukna langtímastefnumörkun í íslensku samfélagi. Með slíkum áætlunum lægju fyrir betri gögn fyrir mikilvægar ákvarðanatökur. Það mun koma sérstaklega að gagni þegar kemur að umfangsmiklum áskorunum sem Íslendinga standa frammi fyrir um þessar mundir. Má þar meðal annars nefna vaxandi kostnað við heilbrigðisþjónustu, hraða öldrun þjóðarinnar á komandi áratugum og ófjármagnaðar skuldbindingar hins opinbera vegna íbúðalána og lífeyrisgreiðslna. Nágrannaríki Íslands hafa beitt sams konar úrræðum – langtímaáætlunum og stefnumörkun á grunni þeirra – til að takast á við sambærileg viðfangsefni á undanföllum árum.

Meðlimir aðildarfélaganna Viðskiptaráðs eru stjórnendur fjölmennra samtaka sem þekkja vel þá staðreynd að lykilforsenda árangurs er skýr stefna um hvert eigi að stefna og með hvaða hætti. Þessi kjarni stefnumótunar kemur í veg fyrir að tíma og fjármunum sé sóað í verkefni sem ekki skila verðmætum. Það er mat ráðsins að sambærileg vinnubrögð á vettvangi þjóðmálanna séu best til þess fallin að styrkja forsendur fyrir bættum lífshæðum á komandi áratugum.

Viðskiptaráð leggur til í ljósi framangreindra atriða að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllt,



Frosti Ólafsson,
framkvæmdastjóri